

Verkefnahugmyndir fyrir kennara


Líkami minn „Að segja frá“

TILLAGA AÐ LOKAVERKEFNI:

Hér er að finna tillögu fyrir kennara að lokaverkefni sem gæti hentað til að nota eftir að bekkurinn hefur séð myndirnar og klárað verkefnin sem tilheyra þemanu „Að segja frá“ sem fjallar um kynferðisbrot á heimilinu og mikilvægi þess að leita hjálpar.

Í þessu verkefni skrifa bæði börn og fullorðnir óskir og aðgerðir á miða sem síðan eru hengdir á „öryggisnet“ í bekknum. Öryggisnetið má gjarna vera raunverulegt net sem hengt er upp í bekknum en það er líka hægt að hengja miðana á töflu, vegg eða veggspjald

Verkefnið er kennarastýrt.



Verkefni: Öryggisnet

Efni: Sjálflímandi miðar, hjartalaga eða venjulegir.
Net (valfrjálst)

Markmið: Að hugleiða hvað veitir börnum öryggi, að vera meðvituð um að fullorðnir bera ábyrgð og eiga að hjálpa börnum og að börn átti sig á því hvað þau geta gert til að styðja og hjálpa öðrum börnum.

Tími: Um það bil 20–30 mínútur

Framkvæmd:

1. Í þessu verkefni íhuga börn og fullorðnir hvað það er sem gerir börn örugg og hvernig við getum stuðlað að öryggi hvers annars. Ræddu það í bekknum og útskýrðu hugtök ef þess þarf.
2. Deildu út miðunum. Það er gott að hver nemandi fái tvo eða þrjá miða, svo þeir geti skrifað fleiri en eitt atriði. Biddu nemendur að brjóta miðana í tvennt og skrifa síðan mismunandi hluti á báða helmingana:
 - Á annan helminginn skrifa börnin hvað þau vilja að fullorðnir geri til að öllum börnum geti liðið vel og verið örugg.
 - Á hinn helminginn skrifa börnin hvað þau geta sjálf gert til að vera góðir vinir og hvað þau geta gert ef einhver á erfitt.
3. Hin fullorðnu skrifa líka á miða. Útskýrðu það í bekknum.
 - Á annan helminginn skrifa ég það sem ég lofa að gera til að vera traust fullorðin manneskja og hvernig ég ætla að taka þátt í að vernda börn gegn kynferðislegu ofbeldi.
 - Á hina hliðina ætla ég að skrifa það sem ég lofa að gera til að stuðla að því að skólinn verði öruggur staður fyrir öll börn.
4. Leyfið þeim sem vilja að útskýra það sem þau skrifuðu á miðana. Gefið ykkur tíma til að ræða það sem fram kemur.
5. Að lokum hengja allir miðana sína á öryggisnetið eða annars staðar.

Ráð:

Þetta verkefni getur gefið börnum tækifæri til að ræða það sem liggur þeim á hjarta og segja frá ef þau burðast með erfið leyndarmál eða annan vanda. Fylgstu með því sem nemendur segja og skrifa. Talaðu við þau á meðan á verkefninu stendur og hlustaðu á hugleiðingar þeirra.

Miðarnir í öryggisnetinu verða tákn þess að skólinn eigi að vera öruggur staður fyrir börn og minna á að við getum öll tekið þátt í að veita hvert öðru öryggi.